



Umhverfisstofnun  
Sigurður Ingason  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík

21. september 2021

### Efni: Athugasemdir ISAL við starfsleyfistillögu Umhverfisstofnunar

Rio Tinto á Íslandi hf. (ISAL) hefur yfirfarið starfsleyfistillögu Umhverfisstofnunar, sem hefur verið í kynningu á vefsíðu stofnunarinnar frá 24. ágúst 2021. Hér á eftir verður gerð grein fyrir nokkrum athugasemdum sem ISAL vill koma á framfæri við einstakar greinar starfsleyfisins. Greint er frá þeim breytingum sem lagt er til að gerðar verði og greint frá rökstuðningi sem liggur að baki breytingartillögnum.

Annað bréf er sent með athugasemdum vegna vöktunaráætlunar og framkvæmd eftirlits í tengslum við niðurfellingu þynningarsvæðis.

#### Atriði 1:

Fyrst ber að nefna að aðalsamningurinn milli ríkisstjórnar Íslands og Sviss Aluminium Limited frá árinu 1966 ásamt viðaukum hefur enn lagalegt gildi og er því eðlilegt að starfsleyfið vísi til hans.

#### Atriði 2 – grein 1.3, 3. mgr.:

##### Málgreinin hljóðar svo:

*„Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á sviði starfseminnar er eftirlitsaðila heimilt að beita úrræðum skv. gr. 1.7 og gildandi lögum og reglugerðum.“*

##### Tillaga ISAL:

*Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á sviði starfseminnar er eftirlitsaðila heimilt að beita úrræðum skv. ~~gr. 1.7 og~~ gildandi lögum og reglugerðum.*

##### Rök fyrir breytingu:

Þar sem starfsleyfi getur ekki verið heimild til að beita stjórnarsýsluviðurlögum (umfram það sem leiðir af lögum og reglum) færi betur á því að taka út orðin “gr. 1.7 og”.

#### Atriði 3 – grein 1.4, 2. mgr.:

##### Málgreinin hljóðar svo:

*„Breytingin skal vera í samræmi við ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu eða álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar sbr. lög nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, ef við á.“*

#### Tillaga ISAL:

*Breytingin skal vera í samræmi við ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu eða álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar sbr. lög nr. 111/2021, um umhverfismat framkvæmda og áætlana, ef við á.*

#### Rök fyrir breytingu:

Bent er á að ný lög nr. 111/2021, um umhverfismat framkvæmda og áætlana tóku gildi 1. september 2021.

#### Atriði 4 – grein 1.6

##### Aths. ISAL:

Skilyrðin eru ekki þau sömu og í 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018, en ættu að vera það, sbr. sérstaklega lögmatísregla stjórnsluréttarins.

#### Atriði 5 – grein 1.7, 1. mgr.:

##### Málgreinin hljóðar svo:

*„Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu, eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja fram úrbætur.“*

##### Aths. ISAL:

Af fyrrnefndri lögmatísreglu stjórnsluréttarins leiðir að ákvarðanir stjórnvalda verða almennt að eiga sér heimild í lögum. Eftir því sem ákvörðunin er meira íþyngjandi, þeim mun strangari kröfur verða gerðar til skýrleika þeirrar lagaheimildar sem ákvörðunin er byggð á. Í þessari grein starfsleyfisins er þvert gegn lögmatísreglunni gert ráð fyrir að eftirlitsaðili geti beitt íþyngjandi úrræðum skv. lögum nr. 7/1998 án þess að það sé bundið við brot á þeim lögum og reglugerðum settum á grundvelli þeirra laga, sbr. orðalagið „ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu, eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur“. Þessu þarf að bæta úr.

#### Atriði 6 – grein 1.9, 1. mgr.:

##### Málgreinin hljóðar svo:

*„Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi, sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.“*

##### Tillaga ISAL:

*Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi, sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð, **að því marki sem leiðir af framangreindum lögum**, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.*

#### Rök fyrir breytingu:

Hér þarf að vera skýrari tilvísun hér til laga nr. 55/2012, á eftir fyrstu setningunni. Þar væri heppilegra að bæta við orðunum „**að því marki sem leiðir af framangreindum lögum**.“ Aðrar setningar í gr. 1.9 eru í fullkomnu samræmi við lögin.

**Atriði 7 – grein 2.3, 4. mgr.:****Málgreinin hljóðar svo:**

*„Tryggja skal kennslu og æfingu í að bregðast við mengunaróhöppum.“*

**Tillaga ISAL:**

Lagt er til að setningin falli niður. Í fyrstu málgrein segir: „Starfsmenn skulu vera þjálfaðir til að bregðast við mengunaróhöppum og hafa viðeigandi þjálfun á tæki og öryggisbúnað sem gerir þá hæfa til vinnu í álverinu“. Að mati ISAL felur þjálfun í sér kennslu og æfingu og því er um óþarfa tvítekningu að ræða í síðustu málgreininni.

**Atriði 8 – grein 2.8:****Málgreinin hljóðar svo:**

*„Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, sem jafngildir allt að 1 milljón SDR, sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004. Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun staðfestingu á tryggingunni þegar þess er óskað.“*

**Aths. ISAL:**

Hér skortir á að tilgreina að tryggingin sé bundin við tjón sem fellur undir lög nr. 33/2004.

**Atriði 9 – grein 3.5:****Liður b í töflu hljóðar svo:**

*„Hylja ker með þéttum þekjum og vera með skilvirkt afsog til frá kerum í þurrhreinun til að draga úr því að kergas sleppi í kerskála.“*

**Tillaga ISAL:**

*Hylja ker með þéttum þekjum og vera með skilvirkt afsog af kerum í þurrhreinun til að draga úr því að kergas sleppi í kerskála.*

**Rök fyrir breytingu:**

Lagfæring á orðalagi.

**Atriði 10 – greinar 3.6, 3.7 og 3.8:****Aths ISAL:**

Lagt er til að stafsetning sé samræmd og skrifað sé kera og kerum en ekki kerja og kerjum.

**Atriði 11 – grein 3.9, 1. mgr.:****Málgreinin hljóðar svo:**

*„Þar sem útblástur í loft frá rafgreiningu á sér stað frá þurrhreinistöð gilda eftirfarandi losunarmörk:“*

**Tillaga ISAL:**

*Þar sem útblástur í loft frá rafgreiningu á sér stað frá þurrhreinistöð gilda eftirfarandi losunarmörk við venjuleg rekstrarskilyrði:*

#### Rök fyrir breytingu:

Mikilvægt er að skilgreina í hvaða tilvikum viðmiðunarmörk eiga við en eins og segir í BAT skulu viðmiðunarmörk fyrir losun tryggja, við venjuleg rekstrarskilyrði, að losun fari ekki yfir losunargildi sem tengjast BAT.

#### Atriði 12 – grein 3.10:

##### Aths ISAL:

Leiðrétta þarf tilvísun í lok greinarinnar. Þar ætti að vera grein 4.5 en ekki 4.1.

#### Atriði 13 – grein 3.13:

##### Aths ISAL:

Setja þarf inn aðlögun í grein 3.13 þannig að tími sé til að gera úrbætur ef þeirra er þörf. Setningin gæti hljóðað svo: „Miða skal við að mælingar samkvæmt þessari grein fari fram eigi síðar en 2022 og mörk taki gildi 1. nóvember 2023.“

Hér þarf einnig að miða viðmiðunarmörkin við eðlilegan rekstur sbr. athugasemd fyrir grein 3.9.

#### Atriði 14 – grein 3.17:

##### Greinin hljóðar svo:

*„Frárennslis sem getur innihaldið olíu, spennaolíu eða önnur olíukennd efni skal leitt í olíuskilju eða olíuskiljur. Gott aðgengi skal vera til sýnatöku vegna frárennslis frá þeim. Styðjast skal við gildandi staðla um olíuskiljur varðandi frágang, eftirlit og viðhald. Stærð og gerð olíuskilja skal miðast við að olía í fráveituvatni sé að hámarki 15,0 mg/l, sbr. 8. gr. laga nr. 33/2004. Aðstaða skal vera til að taka sýni af fráveituvatni þar sem það kemur úr olíuskiljum. Leiða skal yfirborðsvatn í sandföng.“*

##### Tillaga ISAL:

*Frárennslis sem getur innihaldið olíu, spennaolíu eða önnur olíukennd efni skal leitt í olíuskilju eða olíuskiljur. Gott aðgengi skal vera til sýnatöku vegna frárennslis frá þeim. Styðjast skal við gildandi staðla um olíuskiljur varðandi frágang, eftirlit og viðhald. Stærð og gerð olíuskilja skal miðast við að olía í fráveituvatni sé að hámarki 15,0 mg/l, sbr. 8. gr. laga nr. 33/2004. Aðstaða skal vera til að taka sýni af fráveituvatni þar sem það kemur úr olíuskiljum. Leiða skal yfirborðsvatn, sem safna þarf sérstaklega vegna mengunarvarna, í sandföng.*

#### Rök fyrir breytingu:

Stór hluti regnvatns sem fellur á yfirborð á svæðinu og rennur í fráveitu er ekki meðhöndlaður í sandgildrum. Einnig rennur hluti af regnvatninu nú ómeðhöndlað út á lóðina. Engin ástæða er til að safna því sérstaklega.

#### Atriði 15 – grein 3.21:

##### Greinin hljóðar svo:

*„Starfssvæði rekstraraðila er á svæðum vatnshlotanna 104-1391-C-Straumsvík-Kjalarnes og 104-265-G Straumsvíkurstraumur. Rekstraraðila ber að sjá til þess að vatnsgæðum í vatnshlotsins hraki ekki vegna rekstursins.“*

Reksturinn má ekki valda breytingu á lífríki og ástandi vatnshlotsins er varða líffræðilega og eðlisefnafræðilega gæðabætti samkvæmt reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Útgefanda starfsleyfis er heimilt að endurskoða það, sbr. gr. 1.6, ef ástand vatns fer hrakandi vegna rekstrarins og hætta er á að það falli niður um flokk eða hafi fallið niður um flokk samkvæmt 9. og 10. gr. reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns.

Verði gerð umfangsmikil endurnýjun eða stækkun á álverinu skal hluti af framkvæmdinni snúa að því að koma í veg fyrir myndun fráveituvatns og aðskilja strauma. Þetta skal gert með því að endurnota eða endurvinnna kælivatn og meðhöndlað fráveituvatn, þ.m.t. regnvatn, innan vinnslunnar. Það þýðir m.a. að regnvatn fari í viðtaka þannig að það mengist sem allra minnst.“

#### Aths ISAL:

Skýra þarf betur hvað felst í orðunum „að vatnsgæðum vatnshlotsins hraki ekki vegna rekstursins“. Einnig þarf að skýra betur hvert hlutverk rekstraraðila er í því að greina og meta hvernig hann skuli sjá til þess að vatnsgæðum í vatnshlotinu hraki ekki vegna rekstursins, eða valda breytingum á lífríki og ástandi vatnshlotsins. Eins og greinin er orðuð, er ISAL ekki ljóst hvert hlutverk fyrirtækisins er.

#### Atriði 16 – grein 3.22:

##### Greinin hljóðar svo:

Rekstraraðili skal vera með skipulagðar aðgerðir á rekstrarsvæði til að auðvelda ytri endurvinnslu á kerbrotum og skal liggja fyrir áætlun þar um.

Heimilt er að setja kerbrot í flæðigryfjur ef ekki finnast leiðir til endurvinnslu. Að undangengnu áhættumati og ef ekki liggja fyrir hentugar endurvinnsluleiðir er heimilt að setja annan rekstrarúrgang í flæðigryfjur. Flæðigryfjurnar verða að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- i. Staðsetning skal vera samþykkt af Umhverfisstofnun og vera hnitsett í samræmi við gildandi deiliskipulag.
- ii. Meðhöndlun og frágangur skal vera í samræmi við áhættumatsgreiningu sbr. 25. gr. reglugerðar nr. 738/2003, um urðun úrgangs og lið 3.4 í viðauka I í reglugerðinni.
- iii. Flæðigryfjan skal eingöngu vera fyrir úrgang rekstraraðila eða á svæði í flæðigryfju sem eingöngu er ætlað fyrir úrgang frá rekstraraðila. Loka skal staðnum með aðgangsstýringu til að hindra ólöglega losun.
- iv. Flæðigryfjan skal varin fyrir ágangi sjávar.
- v. Þegar efni er sett í flæðigryfju skal losun til lofts haldið í lágmarki.
- vi. Þegar svæði flæðigryfju er fullnýtt skal það hulið með þekjuefni sem fellur inn í umhverfið.

Ekki er heimilt að skilgreina losun í flæðigryfjur sem endurnýtingu.

#### Tillaga ISAL:

Lagt er til að 2. málgrein hljóði með eftirfarandi hætti enda er mikilvægt að umhverfislegur ávinningur sé að endurvinnslu kerbrota og að kostnaður sé hóflegur:

“Heimilt er að setja kerbrot í flæðigryfjur ef ekki finnast leiðir til endurvinnslu með umhverfislegan ávinning fyrir hóflegan kostnað. Að undangengnu áhættumati og ef ekki liggja fyrir endurvinnsluleiðir sbr. ofangreint er heimilt að setja annan rekstrarúrgang sem tilgreindur er sérstaklega í áhættumati í flæðigryfjur. Flæðigryfjurnar verða að uppfylla eftirfarandi skilyrði:”

Þá er lagt er til að liður iii. í skilyrðunum hljóði svo til þess að það sé alveg ljóst að það er eingöngu ISAL sem hefur aðgang að flæðigryfju:

iii. „Flæðigryfjan skal eingöngu vera fyrir úrgang rekstraraðila. Svæðið skal vera lokað nema þegar losun fer fram.“

#### Atriði 17 – grein 4.5:

##### Greinin hljóðar svo:

„Rekstraraðili skal meta heildarlosun álversins á ári af ryki, PAH-efnum, PCDD/F efnum, NOX og þungmálmum. Aðferðafræði við mat á heildarlosun efnanna skal borin undir Umhverfisstofnun til samþykkis og skulu mæliáætlanir aðlagðar að því að nægilegra upplýsinga verði aflað. Að lágmarki falla undir framangreint mat þungmálmur og PAH-efni sem eru tilgreindir í Viðauka 9. Tölur fyrir ryk skulu sundurgreindar þannig að það komi fram hversu stór hluti ryklosunar er á formi eftirfarandi tegunda ryks:

- PM10
- PM2.5
- Sót (e. black carbon).

Rekstraraðili skal meta heildarlosun á ári af PCDD/F efnum, NOX og þungmálmum.

Varðandi þungmálma og viðtaka sem þeir eru losaðir í skal að lágmarka mæla þá þætti sem tilgreindir eru í Viðauka 9. Niðurstöðum skal skilað með umhverfisupplýsingum næsta ár á eftir, sbr. gr. 4.10. Fyrsta mat á PCDD/F efnum, PAH-efnum, NOX og þungmálmum skal gert fyrir árslok 2022. Gera skal grein fyrir því hvort losunin er í loft eða í vatn.

Mat á ryki skal einkum byggjast á mæliáætlun sbr. gr. 4.1. Meta skal heildarlosun efnanna árlega þó ekki fari fram mæling. Mat á losun PCDD/F efna, NOX og þungmálma þarf að vera stutt mæligögnum og mælingar skulu a.m.k. fara fram á átta ára fresti en Umhverfisstofnun getur mælt fyrir um aukna tíðni ef losun mælist mikil eða annað tilefni gefst.

Ítarlegri lýsingu á mælikröfum vegna mats á losunþungmálma og PAH-efna má finna í Viðauka 9.“

##### Tillaga ISAL:

Rekstraraðili skal meta árleg heildarlosun álversins af ryki, PAH-efnum, PCDD/F efnum, NOX og þungmálmum. Aðferðafræði við mat á heildarlosun efnanna skal borin undir Umhverfisstofnun til samþykkis og skulu mæliáætlanir aðlagðar að því að nægilegra upplýsinga verði aflað. Varðandi PAH-efni og þungmálma og viðtaka sem þungmálmur eru losaðir í skal að lágmarka mæla þá þætti sem tilgreindir eru í Viðauka 9

Tölur fyrir ryk skulu sundurgreindar þannig að það komi fram hversu stór hluti ryklosunar er á formi eftirfarandi tegunda ryks:

- • PM10
- • PM2.5
- • Sót (e. black carbon).

Niðurstöðum skal skilað með umhverfisupplýsingum næsta ár á eftir, sbr. gr. 4.10. Fyrsta mat á PCDD/F efnum, PAH-efnum, NOX og þungmálmum skal gert fyrir árslok 2022. Gera skal grein fyrir því hvort losunin er í loft eða í vatn.

Mat á ryki skal einkum byggjast á mæliáætlun sbr. gr. 4.1. Meta skal heildarlosun efnanna árlega þó ekki fari fram mæling. Mat á losun PAH-efna, PCDD/F efna, NOX og þungmálma þarf að vera stutt mæligögnum og mælingar skulu a.m.k. fara fram á átta ára fresti, nema að annað sé ákveðið í samræmi við grein 2.9.

Ítarlegri lýsingu á mælikröfum vegna mats á losun þungmálma og PAH-efna má finna í Viðauka 9.

#### Rök fyrir breytingu:

Breytingin felst í lagfæringu á orðalagi til að gera texta greinarinnar skýrari. Einnig er bætt við vísun í grein 2.9 því ef mengunarefni mælist í óverulegu eða vart mælanlegu magni ætti að meta mengun með öðrum hætti.

#### Atriði 18 – grein 4.10:

##### Greinin hljóðar svo:

*„Sjálfvirkur vöktunarbúnaður fyrir losun í andrúmsloft skal sæta eftirliti og gangast undir árlegar eftirlitsprófanir. Kvörðun samkvæmt tilvísunaraðferðum eða samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda vöktunarbúnaðar skal fara fram samhliða mælingum en ef ekki liggja leiðbeiningar a.m.k. þriggja ára fresti.“*

##### Tillaga ISAL:

*Sjálfvirkur vöktunarbúnaður fyrir losun í andrúmsloft skal sæta eftirliti og gangast undir árlegar eftirlitsprófanir. Kvörðun samkvæmt tilvísunaraðferðum skal fara fram á a.m.k. þriggja ára fresti nema að leiðbeiningar framleiðanda vöktunarbúnaðar segi fyrir um annað.*

#### Rök fyrir breytingu:

Breytingin felst í lagfæringu á orðalagi til að gera texta greinarinnar skýrari.

#### Atriði 19 – Viðauki 1:

##### Aths ISAL:

Þar sem ekki er um ákveðna skiladaga að ræða er lagt til að titillinn á viðaukanum verði „Yfirlit um skil á gögnum“ og að fyrsta setningin verði:

*„Í eftirfarandi greinum starfsleyfisins eru ákveðin skil á gögnum tilgreind:“*

Virðingarfyllt

F.h. ISAL



Haukur Einarsson  
Mannvit hf.